

## 7. fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	<b>Björk Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Finnur Beck, Flosi Eiríksson formaður, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Sigurður Konráðsson og Þóra Elfa Björnsson.</b>
<b>Forfallaðir:</b>	<b>Kolbeinn Óttarson Proppé boðaði forföll. Metúsalem Björnsson fulltrúi nemenda er forfallaður vegna próflestrar.</b>
<b>Staður:</b>	<b>V23</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. <u>Dags.: 13.</u> 12:00- <u>maí 2014</u> 12:55</b>

<b>Nr.</b>	<b>Atriði</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tími</b>
------------	---------------	---------------	-------------

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.</p>	FE	
1.	<p><b>Skólagjöld haustannar 2014</b></p>	MF	15 mín.
	<p>Skólameistari lagði fram tillögu að skólagjöldum á haustönn 2014. Nauðsynlegt reynist að hækka flesta liði en hækkunum er þó haldið í lágmarki. Gjöldin hafa að mestu verið óbreytt í fjögur ár, það er frá hausti 2010. Skólanefnd samþykkir tillögu skólameistara.</p>		
2.	<p><b>Kennararáðningar vegna haustannar 2014</b></p>	MF	5 mín.
	<p>Mikill stöðugleiki ríkir í starfsmannamálum og aðeins þarf að auglýsa eina kennarstöðu fyrir næsta vetur.</p>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
<b>3.</b>	<b>Rekstrarstaða skólans</b>		
	Skólameistari dreifði rekstraryfirliti eins og það stendur nú. Enn eru ýmis mál vegna verkfalls og kjarasamninga ófrágengin. Yfirlitið gefur því ekki rétta mynd af endanlegri niðurstöðu. Ljóst er þó að rekstrarstaðan er vel viðunandi.	<b>MF</b>	<b>15 mín.</b>
<b>4.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>FE</b>	<b>20 mín.</b>
	<p>a) Útskrift kvöldskóla verður fimmtudag 22. maí kl. 16 og dagskóla föstudag 30. maí kl. 14. Skólanefnd er boðið að vera við báðar þessar útskriftir.</p> <p>b) Rekstur mötuneytis var á vegum skólans þennan vetur en var áður á vegum verktaka. Eitt og hálf stöðugildi er vegna mötuneytis, en er að öðru leiti í höndum nemenda matvælabrautar, sem fá þannig raunhæfari og fjölbreyttari verkefni í námi sínu. Mikil ánægja er með mötuneytið meðal nemenda</p>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>og kennara og verður þessi háttur á rekstri viðhafður áfram.</p> <p>c) Á þessu vori útskrifast 28 leiðsögumenn frá Háskólanum á Akureyri. Kennsla hefur alfarið verið á vegum Háskólans á Akureyri, sem hefur þó verið í góðu sambandi við fagsjóra MK. Menntaskólinn í Kópavogi hefur yfirfarið prófin og gefur út prófskírteini.</p>		
	<p>Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55</p>	<p><b>FE</b></p>	

Konráðsson

Sigurður

ritaði fundargerð

*Uppfært miðvikudagur, 22 október 2014 14:02*